

Fundur hússtjórnar Þjóðveldisbæjarins í Þjórsárdal,
haldinn mánudaginn 9. desember 2024 kl. 14 á TEAMS

Mætt voru: Guðmundur Finnbogason, Bjarni Hlynur Ásbjörnsson, Harpa Þórsdóttir og Vilhelmína Jónsdóttir sem jafnframt ritar fundargerð þessa.

Máldagi

Farið yfir þær breytingar sem gerðar hafa verið.

Fjárhagslegt framlag aðila verður: menningar- og viðskiptaráðuneyti hækkar árlegt framlag úr 2 m.kr. í 4 m.kr. Landvirkjun mun jafna þá fjárhæð og mun árlega leggja til 4 m.kr. (í stað 1 m.kr. skv. gildandi máldaga). Skeiða- og Gnúpverjahreppur mun leggja árlega til 2 m.kr. en hefur áður ekki lagt fjárframlag til bæjarins.

Samkvæmt áætlunum hússtjórnar munu þessi framlög leggja góðan fjárhagslegan grunn til að standa undir nauðsynlegu viðhaldi. Stjórn sammála um að hækkun og breyting fjárframlaga sé mjög ánægjuleg og til mikilla hagsbóta fyrir þjóðveldisbæinn.

Samþykkt að fjárhæðir í máldaga verði endurskoðaðar á tveggja ára fresti. Þetta er er gert til að koma til móts við sjónarmið frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi sem vill síður skuldbinda hendur sveitastjórnar óþarflega langt fram í tíma, þar sem kjörtímabil hennar er fjögur ár.

Stjórn samþykkir máldagann efnislega og mun taka lokayfirferð á innsláttarvillum o.fl. og senda í undirritun.

VJ mun kanna hvort ráðherra óski eftir undirritun í persónu, en annars er gert ráð fyrir rafrænni undirritun aðila sem allra fyrst.

Lóðaleigusamningar

Nú liggja fyrir drög að lóðaleigusamningum. Umræður fóru fram um efnisatriði þeirra. Forsætisráðuneytið hefur þegar yfirfarið samningana. Um er að ræða tvær lóðir, annars vegar undir þjóðveldisbæinn sjálfan og hins vegar undir þjónustuhús. Hússtjórn mun aðeins hafa yfirráð yfir lóðinni undir þjóðveldisbæinn en sveitarfélagið mun hafa yfirráð yfir þjónustulóðinni. Breytingar hafa verið gerðar á lóðaleigusamningnum um þjónustulóðina þess efnis að viðkomandi, sem sveitarfélagið leigir lóðina, hafi gildan samning við hússtjórn þjóðveldisbæjarins.

Umræður fóru fram. VJ óskaði eftir auknum tíma til að yfirfara samningana. Stjórnarmenn munu lesa samninga og staðfesta í tölvupósti svo undirritun geti farið fram sem allra fyrst.

Viðhaldsmál

Samningamál við Unnstein Elíasson rædd varðandi verkefni næsta vors, þ.e. að gera upp búið. Stjórn sammála um að það verkefni sé í forgangi og að mikilvægt sé að ganga frá samningi við Unnstein vegna málsins. HP hefur forgöngu um að ganga frá samningsdrögum við verktakann.

Rætt um húsnæðismál vegna starfa verktaka í Þjórsárdal. Stjórn sammála um að tilboð sem BHÁ hefur fengið í gistingu sé ásættanlegt. BHÁ mun festa þessa gistingu fyrir verktakann.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:45.